

L ö g

7
4. maí

um

breyting á og viðauka við lög nr. 6, 31. maí 1921.
(Seðlaútgáfa Íslandsbanka).

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað „1922“ í 3. málsg. 2. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu-
rjett Íslandsbanka, hlutafjárka o. fl. komi: 1923.

Ef frekari seðlaútgáfa en sú, er ræðir um í þeim lögum, sem í 1. málsg.
getur, er óhjákvæmileg vegna viðskifta innanlands, skal ríkisstjórnin hlutast
til um, að Landsbankinn setji í umferð þá seðla, er nauðsyn krefur. Af þeim
seðlum, er Landsbankinn á þennan hátt gefur út, umfram þá $\frac{3}{4}$ miljónar, er hann
nú hefir frá ríkissjóði, skal hann greiða gjald, sem er 2% undir forvöxtum
hans. Af þeim hluta aukaseðlanna, er málmtrygðir kynnu að verða, greiðist
ekkert gjald.

2. gr.

4. gr. áðurnefndra laga orðist svo:

Bankinn skal greiða gjald í ríkissjóð eins og hjer segir:

- a. Ef seðlaútgáfan fer eigi fram úr 6 miljónum króna, greiðist það gjald, sem
ákveðið er í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905.
- b. Ef seðlaútgáfan er yfir 6 og alt að 7 miljónum, greiðist 2% aukagjald af
þeim hluta 7. miljónarinnar, sem ekki er málmtrygður eftir ákvæðum laga
nr. 66, 10. nóv. 1905.
- c. Ef útgáfan er yfir 7 miljónir króna, greiðir bankinn af því, sem fram yfir
er, gjald, sem er 2% undir forvöxtum hans, þó að eins af þeim hluta, sem
ekki er málmtrygður. Gjald það, er ræðir um í b.- og c.-lið, telst eftir seðlum,
sem í umferð eru í lok hvers mánaðar, og greiðist gjaldið í ríkissjóð í
hvers mánaðar lok.

7

4. maí

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag þess almanaksmánaðar, sem næstur fer á eftir staðfestingu þeirra.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 31. maí 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

8

5. maí

L ö g

um

lækkun á aðflutningsgjaldi af kolum og salti.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aðflutningsgjald af kolum skal vera 5 krónur af smálest til ársloka 1922, en úr því greiðist aðflutningsgjald af kolum samkvæmt vörutollslögunum. Aðflutningsgjald af salti skal vera 3 krónur af smálest til 31. mars 1922, en frá þeim degi greiðist aðflutningsgjald af salti samkvæmt vörutollslögunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 5. maí 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Jónsson.